



Beiting nauðungar til verndar fötluðu fólki – hvaða skilyrði þarf að uppfylla?

Brynhildur G. Flóvenz

26. október 2019





Persónufrelsi almennt

- Persónufrelsi og mannhelgi með mikilvægustu réttindum hverrar manneskju.
- Meginregla í stjórnarskrá að engan megi svipta frelsi sínu nema heimild sé fyrir því í lögum skv. 67. gr. Stjórnarskrárinnar.
- Hver sá sem sviptur er frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess.
- Alltaf heimild til að bera frelsissviptingu fyrir dómara.
- Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu skv. 71. gr. Stjórnarskrárinnar.



Persónufrelsi almennt

- Skv. 5. gr. Mannréttindasáttmála Evrópur eiga allir menn rétt til frelsis og mannhelgi og engan mann skal svipta frelsi nema í tilteknum tilvikum og þá skv. lögum, svo sem:
 - Ýmis tilvik er varða handtöku og gæslu grunaðra, sakaðra eða dæmdra manna.
 - Lögleg gæsla manns til að koma í veg fyrir að smitandi sjúkdómur breiðist út eða manns sem er andlega vanheill, áfengissjúklingur, eiturfjaskjúklingur eða umrenningur.



Persónufrelsi almennt

- Hvað felst í persónufrelsi:
 - Almennt réttur til að ráða lífi sínu sjálf(ur) án afskipta ríkisvaldsins eða annarra.
- Lögræði skiptist í tvennt:
 - Sjálfræði
 - Fjárræði
- Fjallað er um lögræði og skerðingar á því í Lögræðislögum nr. 71/1997.



Persónufrelsi almennt

- Tvenns konar sjónarmið og réttindi geta togast á.
- Annars vegar rétturinn til persónufrelsis og hins vegar rétturinn til að njóta verndar þegar aðstæður verða þannig að einstaklingurinn getur ekki tekið ákvörðun sjálf/ur af einhverjum ástæðum, æsku, elli, sjúkdómum eða einhverju sambærilegu eða viðkomandi er hættuleg/ur sér eða öðrum.
- Grundvallaratriði að rétturinn til að njóta verndar sé tryggður með virðingu fyrir mannhelgi og reisn.



Lögræði og gerhæfi fatlaðs fólks

- Meginregla í íslenskum rétti að allir menn geti átt rétt og borið skyldur lögum samkvæmt.
- **Rétthæfi:** hæfi til að eiga rétt og bera skyldur.
- **Gerhæfi** er hæfi fólks til að ráð sér og réttindum sínum sjálft í samræmi við lög
- Oft er talað um persónuleg réttindi eins og gerhæfi og rétthæfi sem **mannhelgi**.
- Engin manneskja getur afsalað sér mannhelgi sinni svo gilt sé.



Lögræði og gerhæfi fatlaðs fólks

- 12. gr. SRFF fjallar um jafnrétti fyrir lögum eða réttarstöðu til jafns við aðra (e. equal recognition before the law)
 - 1. Aðildarríkin áréttu að fatlað fólk eigi rétt á því að vera viðurkennt alls staðar sem persónur að lögum.
 - 2. Aðildarríkin skulu viðurkenna að fatlað fólk njóti gerhæfis til jafns við aðra á öllum sviðum lífsins.
 - 3. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til þess að fatlað fólk fái þann stuðning sem það kann að þarfnast þegar það nýtir gerhæfi sitt.



Lögræði og gerhæfi fatlaðs fólks

- 12. gr. SRFF, frh.
- 4. Aðildarríkin skulu tryggja að allar ráðstafanir, sem varða nýtingu gerhæfis, feli í sér viðeigandi og árangursríkar verndarráðstafanir til þess að koma í veg fyrir misnotkun í samræmi við alþjóðleg mannréttindalög. Þessar verndarráðstafanir skulu tryggja að með ráðstöfunum, sem varða nýtingu gerhæfis, séu réttindi, vilji og séróskir viðkomandi einstaklings virt, slíkar ráðstafanir leiði ekki til hagsmunaárekstra eða hafi ótilhlýðileg áhrif, þær séu til samræmis við og sniðnar að aðstæðum viðkomandi einstaklings, gildi í sem skemmstan tíma og séu endurskoðaðar reglulega af til þess bæru, sjálfstæðu og hlutlausu yfirvaldi eða stofnun á sviði dómsmála. Verndarráðstafanirnar skulu vera í samræmi við þau áhrif sem fyrrnefndar ráðstafanir hafa á réttindi og hagsmuni viðkomandi einstaklings.



Lögræði og gerhæfi fatlaðs fólks

- Gott er að skoða 12. gr. SRFF í samhengi við 14. gr. um frelsi og mannhelgi en hún er eftirfarandi:
 - 1. Aðildarríkin skulu tryggja að fatlað fólk, til jafns við aðra:
 - a) njóti réttar til frelsis og mannhelgi,
 - b) sé ekki svipt frelsi sínu með ólögmætum hætti eða eftir geðþótta og að frelsissvipting í hvaða mynd sem er sé lögum samkvæmt og að fötlun skuli ekki undir neinum kringumstæðum réttlæta frelsissviptingu.
 - 2. Sé fatlað fólk svipt frelsi með einhverjum hætti skulu aðildarríkin ábyrgjast að því séu tryggð mannréttindi til jafns við aðra í samræmi við alþjóðleg mannréttindalög og það hljóti meðferð sem samræmist markmiðum og meginreglum samnings þessa, meðal annars með því að tryggja viðeigandi aðlögun.



Lögræði og gerhæfi fatlaðs fólks

- Lög um réttindagæslu fatlaðs fólks nr 88/2011
- 1. gr. Lög þessi gilda um réttindagæslu fyrir fatlað fólk.
- Ákvæði IV. Kafla gilda einnig um réttindagæslu einstaklinga sem vegna afleiðinga viðvarandi sjúkdóms eða slyss þurfa stuðning við undirbúning upplýstrar ákvörðunar um persónuleg málefni eða aðstoð við að leita réttar síns hvort sem er gagnvart opinberum þjónustuaðilum, öðrum stjórnvöldum eða einkaaðilum.
- Markmið laga þessara er að tryggja fötluðu fólki viðeigandi stuðning við gæslu réttinda sinna og tryggja að sjálfsákvörðunarréttur fatlaðs fólks sé virtur og fyllsta réttaröryggis gætt þegar brýna nauðsyn ber til að grípa inn í líf þess.
- Við framkvæmd laga þessara skal taka mið af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.



Bann við beitingu nauðungar

- Bann við fjarvöktun og beitingu nauðungar skv. 10. gr.
- **Öll beiting nauðungar** í samskiptum við fatlað fólk er bönnuð nema veitt hafi verið undanþága á grundvelli 12. gr. laganna eða um sé að ræða neyðartilvik skv. 13. gr.
- Fjarvöktun á heimilum fatlaðs fólks er bönnuð nema veitt hafi verið undanþága á grundvelli 12. gr.
- Ákvæði þessa kafla **taka til allra þeirra** sem veita fötluðu fólki þjónustu á heimilum þess og í daglegu lífi.
- Þjónustuaðilum er skylt að fræða þá sem vinna með fötluðu fólki um hvað nauðung sé og til hvað aðgerða megí grípa til þess að koma í veg fyrir að beita þurfi nauðung.



Bann við beitingu nauðungar

- Heimilt er að veita undanþágu frá banni við beitingu nauðungar ef tilgangur nauðungar eða fjarvöktunar er að
 - koma í veg fyrir að fatlaður einstaklingur valdi sjálfum sér eða öðrum líkamstjóni eða stórfelldu eignatjóni eða fyrirbyggjandi aðgerðir til að koma í veg fyrir aðstæður sem leitt gætu til líkamstjóns eða stórfellds eignatjóns.
 - uppfylla grunnþarfir viðkomandi einstaklings, svo sem varðandi mat, heilbrigði og hreinlæti, eða til þess að draga úr hömluleysi sem af fötlun kann að leiða.
- Sá sem ber ábyrgð á þjónustunni snýr sér fyrst til sérfræðiteymis og fær ráðgjöf.
- Sótt er um undanþágu til sérstakrar nefndar um undanþágu frá banni við beitingu nauðungar sem úrskurðar um hvort heimila skuli nauðung.
- Skv. 13. gr. er heimilt að beita nauðung í neyðartilvikum



Bann við beitingu nauðungar

- Hvað er nauðung?
- Nauðung er athöfn sem skerðir sjálfsákvörðunarrétt einstaklings og fer fram gegn vilja hans eða þrengir svo að sjálfsákvörðunarrétti hans að telja verði það nauðung þótt hann hreyfi ekki mótmælum, m.a.:
 - Líkamleg valdbeiting, t.d. í því skyni að koma í veg fyrir að viðkomandi skaði sjálfan sig eða aðra, eða valdi stórfelldu tjónu á eigum.
 - Húsnæði sem tilheyrir fötluðum einstaklingi er læst
 - Fatlaður einstaklingur er læstur inni eða ferðafrelsi hans skert með öðrum hætti.
 - Fatlaður einstaklingur er fluttur milli staða gegn vilja sínum.
 - Aðgangur fatlaðs einstaklings að eigum sínum er takmarkaður eða þær fjarlægðar gegn vilja hans.
 - Einstaklingur er þvingaður til athafna, svo sem til að taka lyf eða nota hjálpartæki.
 - Valdi eða þvingun er beitt við athafnir daglegs lífs.
- Fjarvöktun er rafræn vöktun með myndavél eða hljóðnema



Bann við beitingu nauðungar

- Hvað má þá gera til verndar einstaklingnum eða öðrum í hans umhverfi sem stafar hættu af viðkomandi?
- Ekki skerða ferðafrelsi viðvarandi.
- Mikið þarf að koma til að beita megi líkamlegu valdi.
- Ekki má takmarka aðgang að eigum nema til að komast hjá líkamstjóni eða stórfelldu eignatjóni.
- Ekki má takmarka aðgang að síma eða tölvu bara af því þjónustuaðili telur notkun tækjanna ekki góða eða heppilega.
- Ekki stjórna því hvað fólk borðar svo fremi það sé ekki eitthvað sem ógnar beinlínis lífi þess hér og nú.
- Ekki ákveða að fólk megi ekki stunda þau áhugamál sem það vill. Ath. þó að ekki verður þess krafist að starfsfólk aðstoði við ólöglega iðju.



Bann við beitingu nauðungar

- Kjarni málsins er að vega saman ríkan rétt fólks til persónufrelsis, til að ráða sér sjálft og velja sjálft sinn lífsmáta hvort sem öðru fólki þykir sá lífsmáti skynsamlegur eða ekki og þörf þess fólks sem hefur enga eða litla möguleika á að taka upplýsta ákvörðun um sinn lífsmáta eða einstaka þætti.
- Þá er það skylda samfélagsins að vernda það fólk sem er útsett fyrir hvers konar misnotkun en slík vernd verður í öllum tilfellum að vera byggð á virðingu fyrir reisn og mannhelgi þeirra sem í hlut eiga.